VR Orlofsblað 2015

04
BÓKUNARREGLUR
Nú er hægt að bóka orlofshús VR fjóra mánuði fram í tímann. Opnað er fyrir bókanir þrisvar á ári.

05
TJALDSVÆÐI VR
Fjölskylduvænt tjaldsvæði fyrir félagsmenn VR er í Miðhúsaskógi. Öll aðstaða á svæðinu er til fyrirmyndar.

06
ORLOFSHÚS
Kynning á orlofshúsum VR sem eru til leigu í sumar. Orlofshúsin eru víðsvegar um landið og einnig í Danmörku.

30
GJAFABRÉF
Kynning á gjafabréfum VR sem virka sem afslættir hjá Icelandair, Úrval Útsýn, Sumarferðum, WOW air og Norrænu.

EFNISYFIRLIT

ORLOFSHÚS VR 2015

04
Úthlutun orlofshúsa VR

04
Bókunarreglur

08
Danmörk

09
Borgarfjörður

10
Húsafell

11
Hellnar Snæfellsnesi

12
Stykkishólmur

13
Dýrafjörður

14
Ísafjörður – Súðavík

15
Hólar í Hjaltadal

16
Ólafsfjörður

17
Hrísey

18
Akureyri

20
Illugastaðir

21
Einarsstaðir

22
Vestmannaeyjar

23
Bjarkarlundur – Hellu

24
Flúðir

25
Miðhúsaskógur

27
Ölfusborgir

28
Reykjavík

GREINAR OG VIÐTÖL

31
Hvað ætla félagsmenn að gera í sumar?

32
Stutt saga orlofshúsa VR

34
Sumargetraun VR

AFSLÆTTIR

05
Veiði-, útilegu- og golfkortið

30
Út í heim með gjafabréfi VR

Forsíðumynd: Þórður Aron Einarsson
Ljósmynd: Soffía Dögg Garðarsdóttir

VR blaðið
Orlofsblað 2015

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri
Unnur Guðríður Indriðadóttir

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur, Guðmundur Þór, Árdís Birgisdóttir, Helga Laufey Guðmundsdóttir

Prentun
Oddi

Upplag
26.050

Stjórn VR
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Sigurður Sigfússon ritari
Ásta Rut Jónasdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Páll Örn Líndal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamenn
Ólafur Reimar Gunnarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson

SUMARIÐ ER ALVEG AÐ KOMA ...

Nú þegar sumarið virðist í sjónmáli eftir ansi umhleypingasaman vetur er ekki seinna vænna að fara að huga að sumarfríinu. Rúm sjötíu ár eru síðan íslenskt verkafólk öðlaðist rétt til orlofs samkvæmt lögum en áður hafði þó verið gert samkomulag við atvinnurekendur um að koma á orlofsrétti. Í kjarasamningi VR frá árinu 1946 er kveðið á um sumarleyfi verslunarmanna, en þar segir:

> *„Sumarleyfi skal vera 12 virkir dagar á ári, fyrir minnst eins árs starfstíma. Samkomulag við vinnuveitenda skal ráða, hvenær leyfið er tekið."*

Orlofstíminn lengdist smám saman næstu ár og áratugi og í dag eiga allir rétt á að lágmarki 24 orlofsdögum á ári. VR og önnur stéttarfélög á Íslandi hafa lengi litið svo á að hluti af þjónustu þeirra við félagsmenn væri að auðvelda þeim að njóta orlofsins. Fyrir hálfri öld var fyrsta orlofshús VR tekið í notkun; það var sumarið 1965 í orlofshúsabyggðinni Ölfusborgum sem byggð var upp af Alþýðusambandi Íslands. Tveimur árum síðar var ákveðið að kaupa annað hús, enda dugði eitt hús skammt fyrir félagsmenn VR.

Frá þessum tíma hefur orðið mikil breyting í orlofsmálum VR, eins og sjá má í áhugaverðri umfjöllun hér í blaðinu. Félagið fjárfesti í fleiri orlofshúsum og átti um miðbik áttunda áratugarins tíu hús víðs vegar um landið. Áratug síðar keypti félagið stórt svæði í landi Miðhúsa í Biskupstungum og hóf þar uppbyggingu á glæsilegri orlofshúsabyggð sem fljótlega taldi tuttugu hús. Á síðasta ári voru tekin þar í notkun fimm ný hús, sem við köllum hús fyrir tvo, enda örlítið minni en önnur hús félagsins á svæðinu. Nú eru orlofshús VR í Miðhúsaskógi 25 talsins og er mikil ásókn í þau allt árið um kring. Á svæðinu er einnig tjaldsvæði sem opnað var fyrir félagsmenn fyrir tæpum tveimur árum og hefur verið afar vel nýtt.

Í dag eru ríflega fjörutíu hús í eigu félagsins víðs vegar um landið og leigir VR að auki fleiri hús að sumri til fyrir félagsmenn sína, einkum á Íslandi en einnig í Danmörku þar sem félagsmönnum standa til boða tvö hús í sumar. En þó að sumarið sé enn helsti tíminn fyrir sumarbústaðaferðir félagsmanna VR nýta æ fleiri sér húsin að vetri til, enda yndislegt að dvelja í orlofshúsi í kyrrð og ró um hávetur.

BREYTING Á REGLUM

Fyrr á þessu ári var reglum um bókun orlofshúsa breytt þannig að nú er opnað fyrir bókanir þrisvar sinnum á ári. Þá var einnig gerð sú breyting að félagsmenn sem ekki hafa fengið leigt orlofshús á síðustu tveimur árum fá forskot á aðra. Þannig vonumst við til að fleiri fái tækifæri til að leigja hús.

Í þessu glæsilega blaði er ítarleg umfjöllun um þau orlofshús sem félagsmenn geta leigt í sumar og sögð saga orlofshúsa félagsins í áranna rás. Einnig er fjallað um aðra þjónustu félagsins á þessu sviði, svo sem gjafabréf í flug og siglingu og svo veiði- og útilegukortin vinsælu.

Ég óska öllum félagsmönnum ánægjulegs sumars og vona að orlofið nýtist þeim til hvíldar og ekki síst samveru með fjölskyldu og ástvinum, eins og vera ber.

Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR.

„Fyrr á þessu ári var reglum um bókun orlofshúsa breytt þannig að nú er opnað fyrir bókanir þrisvar sinnum á ári."

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
FORMAÐUR VR

ÚTHLUTUN ORLOFSHÚSA VR

Nýlega var reglum breytt þannig að hægt er að bóka fjóra mánuði fram í tímann. Til að bæta þjónustuna enn frekar hefur verið ákveðið að gera breytingar á leigureglum á þann hátt að opnað verður fyrir skilgreind leigutímabil þrisvar sinnum á ári. Þannig hafa félagsmenn úr meiru að velja og geta pantað lengra fram í tímann.

MIÐVIKUDAGINN 8. APRÍL KL. 10.00
verður opnað fyrir bókanir fyrir allt sumarið 2015

FORGANGUR

Einnig verður sú breyting gerð að félagsmenn sem hafa **ekki** fengið hús til leigu sl. tvö ár geta bókað hús 8. apríl, aðrir þann 9. apríl.

Opnað verður fyrir úthlutun orlofshúsa VR 2015 á eftirfarandi tíma:

MIÐVIKUDAGINN 8. APRÍL KL. 10.00
Opnað fyrir bókanir 29. maí til 28. ágúst 2015.
MIÐVIKUDAGINN 1. JÚLÍ KL. 10.00
Opnað fyrir bókanir 28. ágúst 2015 til 4. janúar 2016.
MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMBER
Opnað fyrir bókanir 4. janúar 2016 til 27. maí 2016

BÓKUNARREGLUR

Opnað er fyrir bókanir þrisvar á ári; í apríl, júlí og nóvember. Bóka verður tvo daga að lágmarki. Hámarksleiga í júní, júlí og ágúst er 10 dagar. Helgarnar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi til sunnudags.

Athugið að ekki er hægt að bóka hús frá og með sunnudegi.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMAR

Sumarleiga: Komutími kl. 17.00, brottför kl. 12.00, nema sunnud. kl. 19.00
Vetrarleiga: Komutími kl. 14.00, brottför kl. 12.00, nema sunnud. kl. 19.00

REGLUR VEGNA AFBÓKANA

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 14 dagar eru í upphaf leigutöku fást 85% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 7 dagar eru í upphaf leigutöku fást 50% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 3 dagar eru í upphaf leigutöku fást 20% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað þegar minna en 72 klst. eru í upphaf leigutöku þarf að greiða fulla leigu fyrir húsið.

ÚTBÚNAÐUR HÚSANNA

Í húsum í eigu VR er búnaðurinn miðaður við átta manns. Þó eru undantekningar á því þar sem húsin eru stærri eða mun minni. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami á milli húsa.

GANGA MÁ ÚT FRÁ EFTIRFARANDI BÚNAÐI

Í öllum VR-húsum eru sængur og koddar, útvarp og sjónvarpstæki, DVD-tæki, barnarúm og barnastóll. Venjuleg eldavél með ofni er í öllum húsum og örbylgjuofnar. Í húsunum eru gasgrill. Verandarhúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC-pappír, uppþvottalögur, uppþvottaefni í uppþvottavélar, þar sem þær eru og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa.

Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar, þar sem sterkari efni henta oft ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.

LYKLASKÁPAR ERU VIÐ ÖLL ORLOFSHÚS VR

Til að auka þægindi orlofshúsagesta eru lyklaskápar við öll orlofshús VR sem eru leigð út til félagsmanna. Gestir þurfa því ekki að sækja lykla til umsjónarmanna. Inni í lyklaskápnum er annar lítill skápur með fjögurra

númera stafalás og er rétta númerið prentað á samninginn. Mjög einfalt er að opna lásinn en gott er að hafa vasaljós með sér ef komið er á staðinn eftir að skyggja tekur.

Nánari upplýsingar um bókunarreglur og úthlutun orlofshúsa er á heimasíðu VR **www.vr.is**

VEIÐIKORTIÐ

Veiðikortið er hagkvæmur valkostur fyrir veiðimenn sem og fjölskyldufólk. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 38 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Nú gefst fólki loksins kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götunum. Hægt er að kaupa kortið á orlofsvef VR og á skrifstofum félagsins.

Kortið kostar 4.000 kr. til félagsmanna VR.

Nánari upplýsingar á **www.veidikortid.is**

ÚTILEGUKORTIÐ

Kortið veitir félagsmönnum VR aðgang að um það bil 42 tjaldsvæðum. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla. Hægt er að kaupa kortið á orlofsvef VR og á skrifstofum félagsins.

Kortið kostar 8.500 kr. til félagsmanna VR.

Nánari upplýsingar á **www.utilegukortid.is**

GOLFKORTIÐ

Félagsmönnum VR stendur til boða að kaupa Golfkortið á Orlofsvef VR. Golfkortið gildir á 30 golfvelli fyrir árið 2015. Það gerir golfáhugamönnum kleift á ódýran og auðveldan hátt að spila golf í fríinu, á ferð sinni um landið eða einfaldlega prófa nýja velli. Fjölskyldan getur öll leikið saman án stórútgjalda í fríinu, þar sem hvert kort veitir alltaf að lágmarki 50% afslátt af vallargjaldi á hverjum stað, ef tveir spila. Með hverju keyptu korti fylgir að auki handbók og 10 trétí. Hægt er að kaupa kortið á orlofsvef VR.

Kortið kostar 3.000 kr. til félagsmanna VR.

Nánari upplýsingar á **www.golfkortid.is**.

TJALDVAGNAÚTLEIGA

VR félagar geta nú tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi eða hjólhýsi af viðurkenndum leiguaðilum og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er **3.000 kr.** á nótt en þó aldrei hærri en **18.000 kr.** fyrir hvert orlofstímabil. Eftirfarandi fyrirtæki veita VR félögum afslátt; Seglagerðin Ægir, Víkurverk og Ferðasaga. Sjá nánar á heimasíðu VR **www.vr.is**.

TJALDSVÆÐI VR Í MIÐHÚSASKÓGI

Tjaldsvæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er á svæðinu en þar má meðal annars finna hlaupakött (aparólu), uppblásið trampólín, frisbígolfvöll og mínígolf. Skemmtilegar gönguleiðir eru í næsta nágrenni. Á svæðinu er góð aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna, húsbíla og fellihýsi. Einnig er á svæðinu þjónustuhús þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þar er góð grillaðstaða, vaskar, salerni, sturtur og þvottavél sem gestir hafa til afnota. Pláss er fyrir 40-50 ferðavagna og bíla með aðgangi að rafmagni á mjög hagstæðu verði. Svæðið er fyrir VR-félaga og fjölskyldur þeirra.

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.

ORLOFSHÚS VR 2015

VR á 45 orlofshús og -íbúðir sem félagið leigir til félagsmanna sinna. Orlofshúsin eru víðsvegar um landið. Þá tekur félagið á leigu 20-25 hús á Íslandi yfir sumartímann og orlofshús í Danmörku sem standa félagsmönnum til boða. Ánægja hefur ríkt með orlofsþjónustu VR, en markmiðið er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Leiguverð hefur verið óbreytt í nokkur ár og verður svo áfram í ár.

UMGENGNISREGLUR Í ORLOFSHÚSUM

GÆLUDÝR

Gæludýr eru einungis leyfð í húsi nr. 29 á Flúðum og í húsum 1, 2, 3 og 4 í Miðhúsaskógi og á tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi. Annars staðar eru gæludýr ekki leyfð. Við biðjum félagsmenn að virða þessar reglur, annað getur valdið brottrekstri úr húsi eða af svæði. Lausaganga gæludýra er með öllu óheimil á orlofssvæðum VR. Vinsamlega virðið reglur varðandi gæludýr og takið tillit til annarra.

REYKINGAR

Reykingar eru stranglega bannaðar í öllum húsum og íbúðum VR. Við húsin eru stubbahús og ber gestum að nota þau.

ÁBYRGÐ LEIGJANDA

Orlofshús eru leigð út með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum. Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast með honum í húsinu á leigutíma. Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför, taka úr uppþvottavél, þrífa grill og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi.

MUNDU AÐ ÖLL ORLOFSHÚS ERU EIGN FÉLAGSMANNA. GÖNGUM VEL UM HÚSIN OKKAR.

HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA?

VESTURLAND

SUNDLAUGAR

Húsafell
Opið alla daga á sumrin
frá 10.00 til 22.00
S: 435 1552
www.husafell.is

Borgarnes
Opið alla daga vikunnar
S: 437 1444
www.borgarbyggd.is

Stykkishólmur
Opið alla daga vikunnar
S: 433 8150
www.stykkisholmur.is

Lýsuhólslaug
Opið frá 1. júní til 15. ágúst
S: 433 9917

SÖFN

Snorrastofa
Opið allt árið
S: 433 8000
www.snorrastofa.is

Landnámssetur Íslands
Opið allt árið
S: 437 1600
www.landnam.is

Sjómannagarðurinn
Opið frá 1. júní til 15. september
S: 436 6619
www.hellissandur.is

Vatnasafnið
Opið frá 1. júní til 31. ágúst
S: 857 1221
www.libraryofwater.is

AFÞREYING

Lýsuhóll - Snæhestar
Hestaferðir á Snæfellsnesi
S: 435 6716
www.lysuholl.is

Sæferðir
Ævintýrasigling um Breiðarfjörð
S: 433 2254
www.seatours.is

Ice Cave
Daglegar ferðir upp á Langjökul
S: 578 2550
www.adventure.is

Nánari upplýsingar á
www.west.is

VESTFIRÐIR

SUNDLAUGAR

Ísafjörður
Opið alla daga allt árið
S: 450 8480
www.isafjordur.is

Sundlaugin Birkimel
Opið frá 1. júní til 15. ágúst
S: 456 2080
www.westfjords.is

Tálknafjörður
Opið alla daga á sumrin
S: 456 2639
www.talknafjordur.is

Hótel Heydalur
Opið frá 1. maí til 30. september
S: 456 4824
www.heydalur.is

SÖFN

Báta- og hlunnindasýningin
Opið 1. júní til 31. ágúst
S: 894 1011
www.reykholar.is

Ósvör
Opið alla daga 31. maí til 22. ágúst
S: 456 7005
www.osvor.is

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
S: 456 7507
www.nabo.is

Safn Jóns Sigurðssonar
Opið 1. júní til 8. september
S: 456 8260
www.hrafnseyri.is

AFÞREYING

Skútusiglingar
Ísafirði
S: 456 3322
www.boreaadventures.com

Vesturferðir
Ísafirði
S: 456 5111
www.westtours.is

Wild Westfjords
Ísafirði
S: 456 3300
www.wildwestfjords.com

Nánari upplýsingar á
www.westfjords.is

NORÐURLAND

SUNDLAUGAR

Ólafsfjörður
Opið allt árið
S: 464 9250
www.fjallabyggd.is

Dalvík
Opið allt árið
S: 460 4940
www.dalvik.is

Akureyri
Opið allt árið
S: 461 4455
www.akureyri.is

Hofsós
Opið allt árið
S: 455 6070
www.skagafjordur.is

SÖFN

Gamli bærinn Laufási
Opið 1. júní til 31. ágúst
S: 463 3196
www.minjasafnid.is

Hvalasafnið á Húsavík
Opið allt árið
S: 414 2800
www.whalemuseum.is

Flugsafn Íslands
Opið allt árið
S: 461 4400
www.flugsafn.is

Síldarminjasafn Íslands
Opið allt árið
S: 467 1604
www.sild.is

AFÞREYING

Hestasport
Hestaleiga
S: 453 8383
www.riding.is

Viking Rafting
Hafgrímsstaðir, Varmahlíð
S: 823 8300
www.vikingrafting.com

Hvalaskoðun
Arctic Sea Tours, Húsavík
S: 771 7600
www.arcticseatours.is

Nánari upplýsingar á
www.nordurland.is

AUSTURLAND

SUNDLAUGAR

Egilsstaðir
Opið allt árið
S: 470 0777
www.fljotsdalsherad.is

Seyðisfjörður
Opið allt árið
S: 472 1414
www.seydisfjordur.is

Selárdalur
Opið allt árið
S: 473 1499
www.vopnafjardarhreppur.is

Skjöldólfsstaðir
Opið allt árið
S: 471 1006
www.ahreindyraslodum.is

SÖFN

Skriðuklaustur
Opið 1. júní til 31. ágúst
S: 471 2990
www.skriduklaustur.is

Minjasafn Austurlands
Opið allt árið
S: 471 1412
www.minjasafn.is

Náttúrugripasafnið
Opið frá 15. júní til 31. ágúst
S: 477 1774
www.fjardabyggd.is

Minjasafnið á Bustarfelli
Opið frá 10. júní til 10. september
S: 471 2211
www.bustarfell.is

AFÞREYING

Papeyjarferðir
Sigling út í Papey
S: 478 8119
www.djupivogur.is

Ferðaþjónustan Mjóeyri
Hellaskoðun
S: 477 1247
www.mjoeyri.is

Kayakferðir
Hlynur Oddsson, Seyðisfirði
S: 865 3741
www.iceland-tour.com

Nánari upplýsingar á
www.east.is

SUÐURLAND

SUNDLAUGAR

Flúðir
Opið allt árið
S: 486 6790
www.fludir.is

Hveragerði – Laugaskarð
Opið allt árið
S: 483 4113
www.hveragerdi.is

Hellu
Opið allt árið
S: 488 7040
www.ry.is

Vestmannaeyjar
Opið allt árið
S: 488 2400
www.vestmannaeyjar.is

SÖFN

Eldheimar
Opið allt árið
S: 488 2700
www.eldheimar.is

Byggðasafnið á Skógum
Opið allt árið
S: 487 8848
www.skogasafn.is

Heklusetur
Opið allt árið
S: 487 8700
www.leirubakki.is

Sögusetrið
Opið frá 1. júní til 15. september
S: 487 8781
www.njala.is

AFÞREYING

Arctic Rafting
River Rafting – Hvítá
S: 571 2200
www.arcticrafting.com

Fjallamenn
Vélsleðaferðir á Langjökli
S: 580 9900
www.mountaineers.is

Hekluhestar
Reiðtúr í fallegu umhverfi Heklu
S: 487 6602
www.hekluhestar.is

Nánari upplýsingar á
www.south.is

HALD STRAND – NORÐUR-SJÁLANDI

HÚSIN

VR hefur tekið á leigu tvö orlofshús við Jættevænget 10 og 11 í Hald Strand á Norður-Sjálandi í sumar. Hægt verður að leigja húsin eina viku í senn, frá föstudegi til föstudags, frá 4. apríl – 31. október 2015. Í húsunum eru tvö svefnherbergi og er gert ráð fyrir að fjórir geti gist ásamt barni undir 2ja ára. Húsin eru búin furuhúsgögnum, sjónvarpi, nettengingu, litlum ísskáp með frystihólfi, eldhúskrók, kolagrilli og útihúsgögnum.

NÁGRENNIÐ

Sumarhúsasvæðið liggur á milli Liseleje og Kikhavn, rétt við bæinn Hundested, en þangað er um klukkustundarakstur frá Kaupmannahöfn. Á svæðinu er gott útivistarsvæði með leikaðstöðu fyrir börn. Á svæðinu er hægt að fá lánuð reiðhjól og hægt að fá afnot af kanó sem geymdur er í fjörunni fyrir neðan húsin. Við bendum félagsmönnum á að það er betra að vera með bíl.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 4/4 til 31/10	
Vikuleiga	45.000

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	2
Stærð í m^2	46
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	4
Sængur og koddar	4
Borðbúnaður	8

Keflavík – Kaupmannahöfn 3 tímar

Kaupmannahöfn – Hundested 67 km

Nánari upplýsingar um staðinn á www.visitnordsjaelland.dk

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



BORGARFJÖRÐUR

HÚSIÐ

VR hefur tekið á leigu glæsilegt 100 m² heilsárshús byggt árið 2007 með um 200 m² verönd. Sumarhúsið er í skógi vöxnu landi Hafnar 3, sem er fyrir neðan Borgarfjarðarbrúna beint á móti Borgarnesi. Húsið skiptist þannig að stofa, borðstofa og eldhús eru í opnu rými, fjögur svefnherbergi, bað með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara. Við húsið er heitur pottur og því fylgir gasgrill. Í eldhúsinu er allt það helsta, uppþvottavél og hrærivél ásamt búnaði fyrir 12 manns. Gólfhiti er í húsinu ásamt kamínu. Gert er ráð fyrir að allt að 10 manns geti gist með góðu móti.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	36.900
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	43.200

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	1
Stærð í m²	100
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	4
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	12

Reykjavík – Borgarnes 72 km

Nánari upplýsingar um Vesturland á www.west.is

GPS hnit: 64° 32′ 10.464″, 21° 55′ 45.1164″

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



HÚSAFELL

HÚSIN

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið, um helgar og virka daga.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	2.900
Helgi	18.200
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Sólarhringur	3.500
Helgi	20.900
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	2.800
Helgi	16.500

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	3
Stærð í m^2	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Húsafell 109 km

Nánari upplýsingar um Vesturland á www.west.is

GPS hnit: 64° 10′ 0.0012″, 20° 10′ 59.9988″

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**

HELLNAR – SNÆFELLSNESI

HÚSIN

VR hefur tekið á leigu tvö orlofshús á Hellnum á Snæfellsnesi, Arabúð og Garðabúð. Húsin eru á friðsælum stað í hraunjaðri með fallegu útsýni til sjávar og jökuls. Þau voru byggð árið 1985 og eru 49 m² hvort. Húsin eru eins, í hvoru húsi eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhúskrókur og bað með sturtu. Flest heimilistæki eru, s.s. lítill ísskápur, kaffivél, örbylgjuofn, tvær hellur en ekki ofn, brauðrist og vöfflujárn. Í tveimur herbergjum eru hjónarúm, í þriðja herberginu er tvíbreitt rúm og koja þar fyrir ofan. Allt að sjö manns geta gist í húsinu. Lítill pallur er fyrir utan húsið og gasgrill. Flatskjár og DVD er í húsinu. *Sjónvarpsútsendingar nást ekki en hægt er að tengja DVD eða flakkara við skjáinn. Símasamband er nálægt húsinu.* Lítill leikvöllur er fyrir börnin.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsin eru leigð frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	29.000

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	2
Stærð í m²	49
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	7
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Hellnar 195 km

Nánari upplýsingar um Vesturland á www.west.is

GPS hnit: 64° 44' 44.865", 23° 40' 33.024"

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



STYKKISHÓLMUR

ÍBÚÐIRNAR

VR leigir þrjár íbúðir í Stykkishólmi allt árið um kring. Orlofsíbúðirnar eru að Laufásvegi 35, 37 og 41. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum með hringstiga á milli hæða. Gengið er inn frá bílastæði á efri hæðina, þar er stofa, borðstofa, eldhús og lítið herbergi. Á svölunum er heitur pottur og verandarhúsgögn. Á neðri hæð eru tvö svefnherbergi og bað með sturtu. Í húsunum er svefnaðstaða fyrir 6 manns. Íbúðirnar eru leigðar til félagsmanna allt árið, um helgar og á virkum dögum.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Íbúðirnar eru leigðar frá föstudegi til föstudags.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	32.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	38.400
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	2.800
Helgi	16.500

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi íbúða	3
Stærð í m^2	46
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

Reykjavík – Stykkishólmur 111 km

Nánari upplýsingar um Vesturland á www.west.is

GPS hnit: 65° 4’ 0.8466”, 22° 44’ 9.3876”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



DÝRAFJÖRÐUR

ÍBÚÐIN

VR býður upp á orlofsíbúð í gistihúsinu á Leiti í landi Alviðru í Dýrafirði. Gistihúsið Alviðra var áður skólastjórabústaður, byggt 1960. Íbúðin er á efri hæð hússins. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, þar af tvö með tvíbreiðu rúmi og eitt herbergi með koju. Auka dýnur, barnarúm og barnastóll fylgja sem og kolagrill.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	29.000

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi íbúða	1
Stærð í m^2	90
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Dýrafjörður 424 km

Nánari upplýsingar um Vestfirði á www.westfjords.is

GPS hnit: 65°55’ 43.496” , 23°35’ 11.152”

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



ÍSAFJÖRÐUR OG SÚÐAVÍK

AÐALSTRÆTI 8, ÍSAFIRÐI (A8)

VR hefur tekið á leigu sjarmerandi bárujárnsklætt hús við gömlu höfnina á Ísafirði, byggt árið 1845 og er **húsið friðað**. Húsið er á tveimur hæðum og við það er lítill óafgirtur bakgarður með garðhúsgögnum. Húsið skiptist þannig að á neðri hæð er nýuppgert eldhús og baðherbergi með sturtu og þvottavél. Stofurnar eru tvær og er svefnsófi í innri stofunni. Á efri hæðinni er kames, hjónaherbergi með tvíbreiðu rúmi og barnarúmi og svefnherbergi með tvíbreiðu rúmi og einstaklingsrúmi. Aukadýnur eru til staðar.

VIÐ BIÐJUM LEIGJENDUR UM AÐ SÝNA HÚSINU VIRÐINGU OG GANGA VEL UM.

NESVEGUR 4, SÚÐAVÍK (N4)

VR býður upp á einbýlishús við Nesveg 4. Húsið er á einni hæð, með 3 svefnherbergjum, stofu eldhúsi og baði. Kamína er í húsinu og lítill pallur með útiarni sem hægt er að nota sem grill. Ekki er heitur pottur við húsið. Fallegt útsýni er frá húsinu.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsin eru leigð frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	Ísafjörður
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**Ísafjörður**
Vika	29.000
SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	**Súðavík**
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**Súðavík**
Vika	29.000

ÚTBÚNAÐUR	A8	N4
Fjöldi húsa	1	1
Stærð í m^2	94	109
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	6
Sængur og koddar	6	6
Borðbúnaður	8	6

Reykjavík – Ísafjörður 451 km / Reykjavík – Súðavík 432 km

Nánari upplýsingar um Vestfirði á www.westfjord.is

GPS hnit: 66° 4' 25.593", 23° 8' 30.1554"

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



HÓLAR Í HJALTADAL

ÍBÚÐIN

VR hefur tekið á leigu fjögurra herbergja íbúð að Hólum í Hjaltadal. Íbúðin, sem er 97 m^2, stendur við Nátthaga. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, bað með sturtu, þrjú svefnherbergi og þvottahús með þvottavél. Gert er ráð fyrir að sex manns geti gist, hægt er að fá lánaðar aukadýnur hjá umsjónarmanni. Í íbúðinni er allt það helsta sem þarf í eldhús.

Hólar í Hjaltadal eru einn merkasti sögu- og menningarstaður landsins. Margt er að skoða á Hólum svo sem Háskólann, Hóladómkirkju, Nýjabæ og Sögusafn íslenska hestsins. Sundlaug er á Hólum og fallegar gönguleiðir.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	25.700
Sólarhringur	2.500
Helgi	13.200
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	29.000
Sólarhringur	2.800
Helgi	15.000

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi íbúða	1
Stærð í m^2	97
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6-8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Hólar í Hjaltadal 321 km

Nánari upplýsingar um Norðurland á www.nordurland.is

GPS hnit: 65° 43’ 57.6912”, 19° 6’ 44.013”

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



ÓLAFSFJÖRÐUR

ÞVERÁ

Orlofshúsið er við Þverá sem liggur rétt fyrir utan byggðakjarnann. Húsið er fallega staðsett með útsýni yfir dalinn.

AÐALGATA 11 – STJÁNAHÚS (A 11)

VR hefur tekið á leigu stórt fjölskylduhús á þremur hæðum sem er við Aðalgötu 11, Stjánahús. Húsið skiptist þannig; komið er inn forstofu á 1. hæð, þar er svefnherbergi og baðherbergi. Gengið upp stiga, þar sem er stofa, borðstofa, eldhús, búr og gengið út á svalir. Á efstu hæð eru þrjú opin herbergi og bað. Gera má ráð fyrir að 8-10 manns geti gist.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsin eru leigð út frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	Þverá
Vika	32.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**Þverá**
Vika	38.400
SUMAR 5/6 til 26/6 OG 7/8 til 21/8	**A 11**
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**A 11**
Vika	29.000

ÚTBÚNAÐUR	Þverá	A11
Fjöldi húsa	1	1
Stærð í m^2	98	200
Heitur pottur	Já	Nei
Svefnherbergi	2	4
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	8-10
Sængur og koddar	6	10
Borðbúnaður	8	10

Reykjavík – Ólafsjörður 397 km

Nánari upplýsingar um Norðurland á www.nordurland.is

GPS hnit: 66° 4’ 17.2956”, 18° 39’ 13.3122”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



HRÍSEY

SÓLVALLAGATA 8 (S8)

Húsið er svokallað Siglufjarðarhús, byggt árið 1975 og stendur efst á eyjunni. Í húsinu er eitt hjónaherbergi og tvö minni herbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með baðkeri og sturtu. Þvottavél er í þvottahúsi. Pallur með gasgrilli er við húsið og er fallegt útsýni yfir Eyjafjörðinn. Svefnpláss er fyrir sex manns og er búnaður miðaður við það. Lyklar að húsinu eru afhentir í ferjunni.

AUSTURVEGUR 44 (A44)

Húsið stendur á mjög fallegum stað rétt utan við byggðina í Hrísey með stórkostlegu útsýni yfir Eyjafjörðinn. Húsið er hæð og ris. Gengið er inn í anddyri, þar beint á móti er geymsla og þvottavél, flísalagt baðherbergi með sturtu, eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Eldhús, stofa og borðstofa í einu rými. Stigi á efri hæð, þar eru tvö svefnherbergi. Lyklar að húsinu eru afhentir í ferjunni.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsin eru leigð út frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	S8
Vika	25.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**S8**
Vika	29.000
SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	**A44**
Vika	32.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**A44**
Vika	38.400

ÚTBÚNAÐUR	S8	A44
Fjöldi húsa	1	1
Stærð í m^2	108	50
Heitur pottur	Nei	Já
Svefnherbergi	3	3
Svefnloft	Nei	Já
Svefnpláss	6-8	6
Sængur og koddar	8	6
Borðbúnaður	8	6

Reykjavík – Árskógssandur, 401 km

Árskógssandur – Hrísey, 15 mín. hvora leið

Nánari upplýsingar um Norðurland á www.nordurland.is

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



AKUREYRI – FURULUNDUR

ÍBÚÐIRNAR

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G, K og S. Allar íbúðirnar eru á 2. hæð, nema S íbúðin, hún er á jarðhæð. Einnig er ein íbúð við Furulund 8B. Íbúðirnar eru leigðar út allt árið um helgar og á virkum dögum. Íbúðirnar eru ofarlega í bænum, stutt er í Hlíðarfjall og í sund.

Á Akureyri er margt við að vera. Í miðbænum eru kaffihús, veitingastaðir og verslanir. Lystigarðurinn, Kjarnaskógur, Jólahúsið og Menningarhúsið Hof eru skemmtilegir staðir að heimsækja.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	F10	F8
Sólarhringur	3.300	2.700
Helgi	16.000	14.900
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**F10**	**F8**
Sólarhringur	4.200	3.100
Helgi	16.000	15.500
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	**F10**	**F8**
Sólarhringur	3.300	2.500
Helgi	13.000	12.500

ÚTBÚNAÐUR	F10	F8
Fjöldi íbúða	6	1
Stærð í m²	53	56
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	2	2
Svefnpláss	6	4
Sængur og koddar	6	6
Verönd & húsgögn	Já	Já
Gasgrill & þvottavél	já	já

Reykjavík – Akureyri 386 km

Nánari upplýsingar um Norðurland á www.nordurland.is

GPS hnit: 65° 41’ 1.9248”, 18° 6’ 37.6554”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**


Pollurinn
Oddeyrar-bryggja
Strandgata
Eyrarvegur
Glerárgata
Hafnarstræti
Lögbergsg
Hamarstígur
Byggðavegur
Norðurbyggð
Suðurbyggð
Lystigarður
Leiruvegur
Miðhúsabraut
Hamratún
Ásatún
Hólatún
Hólsgata
Drottningarbraut
Dagsbrunabraut
Aðalstræti
Hafnarstræti
Borgarstræti
Skólastígur
Hríngbraut
Mýrarvegur
Einilundur
Birkilundur
Víðilundur
Hjarðarlundur
Hálilundur
Vanabyggð
Hrafnagilsstræti
Austurbyggð
Mimisbraut
Eyrarlandsholt
Víðigerði
Hólabraut
Hólsgata
Hólatún
Hólsgata
Hólsgata
Hólsgata



ILLUGASTAÐIR

HÚSIÐ

VR hefur tekið hús nr. 12 á leigu í sumar. Svefnrými er fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu. Pallur er við húsið með heitum potti og gasgrilli. Hægt er að panta barnarúm og barnastól ef þess þarf. Á svæðinu er sundlaug með heitum pottum, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Reykingar eru bannaðar í húsinu og gæludýr bönnuð á svæðinu.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt út frá föstudegi til föstudags.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	32.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	38.400

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	1
Stærð í m²	48
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Ilugastaðir 433 km

Nánari upplýsingar um Norðurland á www.nordurland.is

GPS hnit: 65° 37′ 13.0398″, 17° 49′ 3.4068″

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



EINARSSTAÐIR

HÚSIN

Húsin á Einarsstöðum eru nýlega endurnýjuð að hluta og eru nú öll með heitum potti. VR á þrjú hús að Einarsstöðum og fær fleiri hús til leigu í sumar. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Húsin eru í orlofshúsabyggð í kjarrivöxnu umhverfi í næsta nágrenni við Hallormsstaðaskóg og oft er mikil veðursæld á þessum slóðum. Um 15 mín. akstur er til Egilsstaða.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	2.900
Helgi	18.200
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Sólarhringur	3.500
Helgi	20.900
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	2.800
Helgi	16.500

ÚTBÚNAÐUR	Nr.3&18	Nr 6
Fjöldi húsa	2	1
Stærð í m^2	45	45
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	6
Sængur & koddar	8	8
Borðbúnaður	8	8

Reykjavík – Einarsstaðir 595 km

Nánari upplýsingar um Austurland á www.east.is

GPS hnit: 65° 11' 17.433", 14° 28' 52.611"

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



VESTMANNAEYJAR

SURTSEY VIÐ OFANLEITI (O1)

Húsið er með 2 svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi, stofu og baðherbergi. Gasgrill er við húsið. Á pallinum sem umlykur húsið er hægt að horfa til vesturs á smáeyjarnar Hana, Hænu og Grasleysu, og norðan megin við húsið er horft yfir Eiðið og sést Heimaklettur rísa tignarlega úr hafi ásamt því að Eyjafjallajökull sést vel í góðu skyggni.

HÚSIÐ (H1)

VR hefur tekið á leigu orlofshúsið „Húsið" sem er tvílyft bjálkahús sem stendur við hliðina á Höfðaþóli, á fallegum stað með stórkostlegu útsýni til sjávar. Komið er inn á neðri hæð þar sem stofa og eldhús eru í sama rými, eitt svefnherbergi með hjónarúmi og baðherbergi með sturtu. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi með fjórum einstaklingsrúmum. Fyrir utan húsið er gróft borð, kollar til að tylla sér á og gasgrill. **Húsið er eingöngu í vikuleigu í sumar.**

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	H1	O1
Sólarhringur		3.300
Helgi		16.000
Vika	32.700	
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**H1**	**O1**
Sólarhringur		4.200
Helgi		16.000
Vika	38.400	
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12		**O1**
Sólarhringur		2.500
Helgi		12.500

ÚTBÚNAÐUR	O1	H1
Fjöldi húsa	1	1
Stærð í m^2	66	70
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Já	Nei
Svefnpláss	8-10	6
Sængur og koddar	10	6
Borðbúnaður	10	6

Reykjavík – Landeyjarhöfn 136 km

Landeyjarhöfn – Vestmannaeyjar, 30 mín með Herjólfi

Nánari upplýsingar á www.visitwestmanislands.com

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



BJARKARLUNDUR – HELLU

HÚSIÐ

Húsið er í Ketlubyggð, landi Grafar, milli Hellu og Hvolsvallar. Húsið er um 52m², með heitum potti, stórri verönd, gasgrilli og sauna. Bústaðurinn skiptist þannig að á neðri hæð er komið inn í forstofu, stofa, eldhús og borðstofa í einu rými, tvö herbergi, annað með hjónarúmi, hitt með tvíbreiðum svefnsófa. Baðherbergi með wc og vaski. Sturtan er í sér baðhúsi í sama húsi og saunan. Lítið svefnloft er, fullorðnir geta ekki gengið uppréttir. Þar eru þrjár dýnur. Barnarúm og barnastóll fylgja. Í eldhúsi er lítill ísskápur (undir borði), uppþvottavél, keramikhelluborð, ofn, örbylgjuofn, vöfflujárn og allt það helsta sem þarf í eldhús. Í stofunni er stór hornsófi, útdraganlegur, sjónvarp og útvarp. Stór verönd er í kringum húsið, heitur pottur, stórt borð, stólar, gasgrill og markísa.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt út frá föstudegi til föstudags.

GÆLUDÝR ERU LEYFÐ Í HÚSINU.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	32.700
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	38.400

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	1
Stærð í m²	52
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	6-7
Sængur og koddar	7
Borðbúnaður	10

Reykjavík – Hella 93 km

Nánari upplýsingar um Suðurland á www.south.is

GPS hnit: 63° 49′ 59.9988″, 20° 23′ 59.9994″

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



FLÚÐIR

HÚSIN

Orlofshúsin að Flúðum eru í Ásabyggð nr. 29, 30 og 30A. Húsin eru nýlega endurnýjuð. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

GÆLUDÝR ERU LEYFÐ Í HÚSI NR. 29

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	3.600
Helgi	18.900
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Sólarhringur	4.400
Helgi	21.200
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	3.400
Helgi	16.900

ÚTBÚNAÐUR	Nr.29&30	Nr 30A
Fjöldi húsa	2	1
Stærð í m^2	54	54
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	6
Sængur og koddar	8	8
Borðbúnaður	8	8

Reykjavík – Flúðir 101 km

Nánari upplýsingar um Suðurland á www.south.is

GPS hnit: 64° 8’ 6”, -20° 19’ 19.5672”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



MIÐHÚSASKÓGUR – HÚS FYRIR TVO

HÚSIN

Árið 2014 voru tekin í notkun fimm ný hús í Miðhúsaskógi, 37 m² að stærð hvert og ætluð fyrir tvo til þrjá. Í húsunum er eitt herbergi með hjónarúmi og útdraganlegum svefnsófa í stofu. Þetta eru notaleg lítil hús, með heitum potti, verönd og góðu útsýni – ekki mikil yfirferð þegar þarf að þrífa áður en haldið er heim.

UMSJÓNARMAÐUR

Umsjónarmaður er á staðnum á sumrin og í kringum helgarleigur yfir vetrartímann ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	2.000
Helgi	12.000
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Sólarhringur	2.400
Helgi	14.000
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	1.900
Helgi	10.900

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	5
Stærð í m²	37
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	1
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	2-3
Sængur og koddar	3
Borðbúnaður	3

Reykjavík – Miðhúsaskógur 94 km

Nánari upplýsingar um Suðurland á www.south.is

GPS hnit: 64° 16′ 16.428″, 20° 29′ 4.4406″

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



MIÐHÚSASKÓGUR

HÚSIN

Í Miðhúsaskógi á félagið alls tuttugu hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvellir með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur, körfuboltavellir og mínígolf eru á svæðinu. Búið er að setja upp ný tæki á svæðinu, stórt uppblásið trampólín er á staðnum, aparóla og frisbígolf. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið.

UMSJÓNARMAÐUR

Umsjónarmaður er á staðnum á sumrin og í kringum helgarleigur yfir vetrartímann ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

GÆLUDÝR ERU LEYFÐ Í HÚSUM, 1, 2, 3 OG 4.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	2.900
Helgi	18.200
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Sólarhringur	3.500
Helgi	20.900
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	2.800
Helgi	16.500

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	20
Stærð í m^2	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Miðhúsaskógur 94 km

Nánari upplýsingar um Suðurland á www.south.is

GPS hnit: 64° 16’ 16.428”, 20° 29’ 4.4406”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**



ÖLFUSBORGIR

HÚSIÐ

VR á eitt hús í Ölfusborgum. Húsið er 45 m² og hefur nýlega verið endurnýjað. Það er með tveimur herbergjum, eldhúsi, stofu og baðherbergi. Þá eru barnarúm og barnastóll í húsinu, svefnpláss er fyrir 6 manns og borðbúnaður fyrir 8 manns. Húsið er með heitum potti og gasgrilli.

UMSJÓNARMAÐUR

Umsjónarmaður er á svæðinu og er hægt er að ná í hann í síma 483 4260. Opnunartími þjónustuhúss er mánudaga til fimmtudaga kl. 12.30-16.00. Lokað er á miðvikudögum.
Á föstudögum er opið milli kl. 15.00 og 20.30. Ef komið er utan þess tíma er bent á að hafa samband við umsjónarmann á staðnum.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi. Húsið er leigt út frá föstudegi til föstudags.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Vika	36.900
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	
Vika	43.200
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	3.400
Helgi	16.900

ÚTBÚNAÐUR	
Fjöldi húsa	1
Stærð í m²	45
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8

Reykjavík – Ölfusborgir 45 km
Nánari upplýsingar um Suðurland á www.south.is
GPS hnit: 63°59'30.8", 21°09'55.8"

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.

SÓLTÚN – REYKJAVÍK

ÍBÚÐIRNAR

Orlofsíbúðir VR í Reykjavík eru við Sóltún 30 og eru vel staðsettar miðsvæðis í borginni. Íbúðirnar eru á jarðhæð og með sér inngangi. Stærri íbúðin er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baði. Minni íbúðin er ætluð félagsmönnum búsettum á landsbyggðinni. Minni íbúðin er með einu svefnherbergi, stofu, eldhúsi og baði. Úr báðum íbúðunum er gengið beint út á rúmgóðan trépall úr stofu. Búnaður íbúðanna er mjög svipaður, þar er þvottavél, uppþvottavél, barnarúm, barnastóll, straubretti og straujárn. Íbúðirnar eru leigðar út allt árið.

UMSJÓNARMAÐUR

Umsjón með íbúðinni er í höndum **umsjon.is**. Hægt er að kaupa þrif hjá umsjónaraðila. Panta þarf með sólarhrings fyrirvara og er kostnaður kr. 5.000. Einnig er hægt að leigja lín, en þá er haft beint samband við umsjónaraðila.

KOMU- OG BROTTFARARTÍMI

Sumar: Komutími frá og með kl. 17.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi.

Vetur: Komutími frá og með kl. 14.00. Brottfarartími er fyrir kl. 12.00 á hádegi alla daga nema sunnudaga, þá er brottfarartími kl. 19.00.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	106	107
Sólarhringur	3.300	3.000
Helgi	16.000	14.000
HÁSUMAR 26/6 til 7/8	**106**	**107**
Sólarhringur	4.200	3.500
Helgi	16.000	14.000
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	**106**	**107**
Sólarhringur	3.300	3.000
Helgi	13.000	11.000

ÚTBÚNAÐUR	106	107
Fjöldi íbúða	1	1
Stærð í m^2	90	64
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	3	1
Svefnpláss	6	4
Sængur og koddar	6	4
Verönd & húsgögn	Já	Já
Gasgrill & þvottavél	já	já

Egilsstaðir – Reykjavík 652 km

Nánari upplýsingar um Reykjavík á www.visitreykjavik.is

GPS hnit: 64° 8’ 7.2168”, 21° 53’ 42.7554”

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR **www.vr.is**

HÓTELGISTING

Félagsmönnum VR utan höfuðborgarsvæðisins býðst áfram gisting á Hótel Reykjavík Natura. Hér er einkum um að ræða úrræði fyrir þá sem þurfa að koma til Reykjavíkur og leita sér lækninga, fara í rannsóknir o.þ.h. Þetta er nýjung þar sem gestir fá fulla þjónustu og hefur hún mælst vel fyrir hjá þeim sem þegar hafa nýtt sér þessa þjónustu. Herbergi er pantað hjá VR. Lykill er afhentur í afgreiðslu Icelandair Hótel Reykjavík Natura gegn framvísun samnings frá VR. Skila þarf herberginu kl. 12.00 á hádegi á brottfarardegi. Gisting er fyrir tvo. Morgunmatur fæst með afslætti sé hann pantaður kvöldinu áður og er greitt sérstaklega fyrir hann í afgreiðslu hótelsins.

SUMAR 29/5 til 26/6 og 7/8 til 28/8	
Sólarhringur	7.900
VETUR 1/1 til 29/5 og 28/8 til 31/12	
Sólarhringur	6.000

NÁGRENNIÐ

Nafn hótelsins er innblásið af náttúrufegurð umhverfisins. Þar er að finna frábærar göngu- og hjólaleiðir, Ylströndin í Nauthólsvík er ekki langt frá og aðeins er um 20 mínútna gangur inn í miðbæ Reykjavíkur frá hótelinu.

ÞJÓNUSTA
Sundlaug
Fuglasafn
Bíósalur
Bókasafn við arineld
Frí bílastæði
Veitingasalur
Kvöldsögur á fimmtudögum kl. 21.00
Frítt í strætó fyrir hótelgesti

Lækjartorg 2,4 km

www.icelandairhotel.is

GPS hnit: 64°7'50.89", 21°55'57.99"

Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.

ÚT Í HEIM MEÐ GJAFABRÉFI VR

ERTU AÐ FARA TIL ÚTLANDA?

Hver félagsmaður getur keypt tvö gjafabréf á ári. Afslátturinn er í formi gjafabréfa sem hægt er að kaupa á orlofsvef VR en aðgangur að honum er frá Mínum síðum. Ekki er hægt að skila bréfunum eftir að þau hafa verið keypt. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmálana áður en bréfin eru keypt.

Gjafabréf Icelandair kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í flug og/eða pakkaferðir Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið gildir ekki upp í skatta á Vildarpunktamiðum. Gjafabréf Icelandair gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Nánari upplýsingar á **www.icelandair.is**.

Gjafabréf WOW air kostar 17.000 kr. og jafngildir 25.000 kr. greiðslu upp í flug hjá WOW air. Einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í hverri bókun. Gildistími hvers gjafabréfs er tvö ár frá útgáfudegi.

Nánari upplýsingar á **www.wow.is**.

Gjafabréf Úrvals Útsýnar og Sumarferða kostar 25.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. við bókun. Hver félagsmaður getur keypt tvö gjafabréf á ári. Nota má eitt gjafabréf á hvern félagsmann. Gildir í allar auglýstar pakkaferðir á tímabilinu 1. maí – 31. desember 2015.

Nánari upplýsingar á **www.uu.is**. og **www.sumarferðir.is**

Gjafabréf Norrænu kostar 25.000 kr. sem jafngildir 35.000 kr. greiðslu upp í ferð með Norrænu. Félagsmenn VR geta keypt eitt gjafabréf og gildir það í allar ferðir Norrænu fyrir árið 2015. Ferðina þarf að bóka hjá Norrænu ferðaskrifstofunni, Stangarhyl 1, Reykjavík.

Nánari upplýsingar á **www.smyrilline.is**.

Gjafabréfin eru ekki seld á netinu, eingöngu á skrifstofu VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

NJÓTTU LÍFSINS Í PARÍS

París, borg ljósanna, er engri lík og yfirmáta rómantísk. Hlýjan er ekki aðeins í lofti heldur í hjörtum Parísarbúa. Stemningin á kaffihúsunum og listasöfnunum er dásamleg og hægt að eyða heilu og hálfu dögunum á rölti um borgina.

Þú finnur fleiri áfangastaði á www.wow.is og www.icelandair. is

TIL EVRÓPU MEÐ NORRÆNU

Skoðaðu Færeyjar á leið þinni til Danmerkur. Norræna býður upp á þriggja daga stopp í Færeyjum á leiðinni til Danmerkur. Færeyjar samanstanda af 18 fallegum eyjum sem hver um sig hefur sín sérkenni. Sex af eyjunum eru tengdar með göngum eða brúm, til hinna má komast með ferjum. Eftir stopp í Færeyjum er haldið áfram til Hirtshals í Danmörku en þaðan er hægt að aka vítt og breitt um Evrópu. Hvort sem þú ert að ferðast á bíl, mótorhjóli, eða húsbíl þá er Norræna skemmtilegur ferðamáti.

Nánar á www.smyrilline.is

Í SÓLINA MEÐ ÚRVALI ÚTSÝN OG SUMARFERÐUM

Í sumar býður Úrval Útsýn upp á vikulegt flug til margra áfangastaða. Eins og t.d. á Costa Brava ströndina, Tenerife og auðvitað Mallorca sem hefur verið einn af vinsælustu áfangastöðum Íslendinga gegnum árin. **Úrval Útsýn vill byrja þetta samstarf með stæl og auka verðgildi gjafabréfsins til Mallorca. Gjafabréfið gildir sem 45.000 kr. upp í ferð til Mallorca ef bókað er fyrir 10. apríl 2015.**

Kynntu þér nánar ferðir sem eru í boði hjá Úrval Útsýn inn á **www.uu.is**

Sumarferðir bjóða upp á vikulegar ferðir í sólina í sumar t.d. til Tenerife, Benidorm, Albir og Almeria sem slegið hafa í gegn. Kynntu þér nánar ferðirnar í sólina sem Sumarferðir bjóða upp á inn á **www.sumarferdir.is**

Nánari upplýsingar um gjafabréf VR eru á heimasíðu VR **www.vr.is**

SIGRÚN BIRNA DAGBJARTSDÓTTIR

Fjármálastjóri hjá i8 Gallery

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í SUMARFRÍINU?
Við förum í tvær vikur til Mallorca í vor með börnum okkar tveimur og þremur barnabörnum. Við höfum ekki farið öll saman til útlanda í frí síðan1996 svo það er sannarlega kominn tími til og er mikil tilhlökkun hjá stórum sem smáum. Síðan á að fara í útilegur í sumar um okkar fallega Ísland, en við erum með gott fellihýsi sem er yndislegt að vera í og held við eltum nú bara sólina þar sem hún er stödd á hverjum tíma. Gerðum það í fyrra með góðum árangri, vorum í sól og sælu í tvær vikur á Norðausturlandi. Það kallast mjög gott miðað við verurfarið í fyrra.

UPPÁHALDS STAÐUR Á ÍSLANDI?
Uppáhaldsstaðurinn minn er Þórsmörk. Það er ekkert eins yndislegt og að vera þar í góðu veðri, sem er nánast alltaf, og njóta stórfenglegrar náttúru sem þar er og fara í gönguferðir.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR GJAFABRÉF VR?
Ég hef nýtt mér gjafabréf Icelandair og mun örugglega nýta mér það aftur.

HEFUR ÞÚ FARIÐ Í ORLOFSHÚS VR?
Ég hef oft farið í orlofshús VR enda búin að vera félagsmaður síðan 1979. Ég hef aðallega verið í Miðhúsaskógi og Húsafelli og það er alveg frábært, flott aðstaða og allt til alls í húsunum. Potturinn og grillið alltaf mikið notað.

HVERNIG ER DRAUMASUMARFRÍIÐ ÞITT?
Draumasumarfríið mitt er að fara til Flórens, Rómar, Feneyja og að Gardavatni. Ég hef ekki komið þangað ennþá og en hef mikinn áhuga á að heimsækja Ítalíu og mun örugglega gera það einhvern daginn.

RAGNAR SCHEVING

Smiður og útfararstjóri hjá Fjöl-smíð ehf. Líkkistuvinnustofu og Útfararþjónustu Hafnarfjarðar

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Í SUMARFRÍINU?
Sumarfríið byrjar í Vestmannaeyjum á goslokahátíð, frábær hátíð sem ég og konan mín fórum á í fyrra og ætlum aftur á núna. Svo munum við bara þvælast um landið í leit að sól.

UPPÁHALDS STAÐUR Á ÍSLANDI?
Mér finnst ótrúlega gaman að vera í sumarbústað í Búrfelli hjá mági mínum. Það er eitthvað við það að vera í sveitinni og úti í náttúrunni. Svo heilla Akureyri og nágrenni, það er alltaf gaman að fara norður til Akureyrar. Stefni á að heimsækja Ásbyrgi í sumar, hef aldrei komið þangað.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR GJAFABRÉF VR?
Nei, ég hef aldrei nýtt mér gjafabréfið en ætla að gera það í ár. Verð að bjóða frúnni eitthvert!

HEFUR ÞÚ FARIÐ Í ORLOFSHÚS VR?
Ég hef aldrei nýtt mér orlofshús VR.

HVERNIG ER DRAUMASUMARFRÍIÐ ÞITT?
Öll frí eru draumafrí.

HÚSAFELL

STUTT SAGA ORLOFSHÚSA VR

ÁRNI LEÓSSON, FORSTÖÐUMAÐUR ÞRÓUNARSVIÐS VR

Við höfum áður sagt frá því að stéttarfélögum á Íslandi þótti það snemma heyra undir skyldur sínar að hjálpa félagsmönnum til að njóta orlofs og hvíldar. Fyrirmynd þess sóttu þau til hinna Norðurlandaríkjanna. Þegar ríkið ákvað að gefa ASÍ 10 hektara lands við Hveragerði var ráðist í að byggja þar 22 orlofshús á svæði sem nefnt var Ölfusborgir og þegar ASÍ bauð síðan í kjölfarið aðildarfélögum sínum að kaupa hús á svæðinu var ákveðið að VR myndi kaup sitt fyrsta orlofshús á þessu svæði árið 1964. Var húsið tekið í notkun um sumarið árið eftir.

Eins og nærri má geta dugði eitt orlofshús skammt fyrir þúsundir félagsmanna VR og var því ákveðið að kaupa eitt hús til viðbótar í Ölfusborgum árið 1967. Orlofsheimilasjóður var stofnaður árið 1969 með yfirlýsingu frá fulltrúum vinnuveitenda um að þeir myndu leggja til og beita sér fyrir við samtök sín, að samið yrði um 0,25% tillag í orlofsheimilasjóði verslunarmanna. Seinna á árinu var stofnaður Orlofsheimilasjóður verzlunarfólks, sem var eign félaga þess og undir þeirra stjórn. Vinnuveitendur greiddu til sjóðsins 0,25% af byrjunarlaunum verslunarmanna. Og árið 1969 fékk VR heimild til að byggja sér tvö orlofshús til viðbótar í landi Alþýðusambands Norðurlands að Illugastöðum í Fnjóskadal. Þegar byggingu þeirra og frágangi var lokið átti VR því fjögur orlofshús til útleigu frá og með árinu 1972. En árið eftir urðu hamfarir í Heimaey sem settu mark sitt á orlofskosti félagsins, því þá voru húsin í Ölfusborgum leigð Vestmannaeyingum sem voru á hrakhólum eftir eldgosið. Til að bregðast við því var gerður sérstakur samningur við Reykholtsskóla sumarið 1973 og gátu VR-félagar leigt sér þar herbergi til orlofsdvalar það sumarið.

Árið 1974 keypti VR næst orlofshús af lðju, félagi verksmiðjufólks, við Svignaskarð. Það sama ár voru svo lög samþykkt á Alþingi um skyldu allra vinnuveitenda til að greiða í orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga. Tveimur árum síðar, árið 1976, var samið um að vinnuveitendur greiddu

ILLUGASTAÐIR

ÖLFUSBORGIR

REYKHOLT

MIÐHÚSASKÓGUR

til Orlofsheimilasjóðs verzlunarmanna 0,25% af sama launastofni og lífeyrssjóðsiðgjöld eru reiknuð. En áður var bara miðað við byrjunarlaun ákveðins launaflokks og því aðeins hluta launa. Einnig var samið um að viðkomandi lífeyrissjóðir önnuðust innheimtu gjalds þessa.

Mikið fjölgaði svo í orlofshúsakosti félagsins árið 1977, því þá voru keypt tvö hús í Húsafelli, tvö hús til viðbótar að Illugastöðum og eitt í Vatnsfirði í Barðastrandarsýslu. Árið 1977 voru orlofshús félagsins því alls orðin 10 talsins:

4 HÚS AÐ ILLUGASTÖÐUM
2 HÚS Í ÖLFUSBORGUM
2 HÚS Í HÚSAFELLI
1 HÚS Í SVIGNASKARÐI
1 HÚS Í VATNSFIRÐI

Á næstu 10 árum, milli áranna 1979 og 1989, fjölgaði orlofshúsum VR enn. Húsum félagsins í Húsafelli fjölgaði í átta hús alls, tvö hús voru byggð að Einarsstöðum á Völlum, tvö hús voru keypt á Flúðum í Árnessýslu og loks voru þrjár íbúðir keyptar á Akureyri við götuna Furulund. Staðan árið 1989 var því sú að VR átti 21 orlofshús og íbúðir:

8 Í HÚSAFELLI
3 ÍBÚÐIR Á AKUREYRI
2 Á ILLUGASTÖÐUM
2 Á EINARSSTÖÐUM
2 Á FLÚÐUM
2 AÐ ÖLFUSBORGUM
1 Í SVIGNASKARÐI
1 Í VATNSFIRÐI

Allt frá árinu 1984 hafði félagið þó hafið undirbúning að enn frekari fjölgun orlofshúsa fyrir félagsmenn þegar gerður var kaupsamningur um kaup VR á 12,5 hektörum lands í landi Miðhúsa í Biskupstungum og voru svo keyptir sex hektarar til viðbótar árið 1987, 18,5 hektarar lands alls. Var landið allt girt af árið 1986 og lagður vegur að svæðinu frá þjóðvegi. Árið 1988 voru vatns- og rafmagnsleiðslur lagðar inn á svæðið og var ákveðið að hefjast handa við byggingu 10 orlofshúsa sem myndu verða tilbúin til útleigu á 100 ára afmæli félagsins árið 1991, en þótt fyrst ætti að byggja 10 hús var gert skipulag fyrir 20 hús alls. Þessu fallega og skógi vaxna svæði félagsins var gefið nafnið Miðhúsaskógur. Þegar þessi nýju hús voru tekin í notkun varð strax mikil aðsókn að leigu þeirra, þar sem þau þóttu sérlega glæsileg og búin nýjustu tækni og þægindum.

Frá þeim tíma sem húsin í Miðhúsaskógi voru tekin í notkun hefur félagið keypt og selt um 23 hús og á félagið í dag 44 hús og íbúðir ásamt tjaldstæði í Miðhúsaskógi fyrir um 40-50 gesti. Þannig á VR nú íbúðir á Akureyri, hús á Flúðum, í Húsafelli, Miðhúsaskógi, Einarsstöðum og Ölfusborgum og tvær íbúðir í Reykjavík. Auk þessa hefur félagið mörg undanfarin ár tekið á leigu 15-20 hús víðs vegar um landið yfir sumartímann auk húsa í Danmörku.

VÖLUNDARHÚS - FINNDU LEIÐINA

Létt athyglisgáta er gengur út á að finna leið í gegnum völundarhúsið.



ORÐALISTI FYRIR NÚMERA-KROSSGÁTU

LÁRÉTT:

1. HRIKT (4)
5. LÍTIL (3)
8. BLANKUR (8)
10. VARÐANDI (2)
11. DÁSAMA (5)
12. LÚRÐI Á (6)
14. MANNSNAFN (3)
15. BRODD (4)
18. EINANGRUN (6)
20. DAPURT (5)
22. ÓLÆTI (2)
23. PIRRA (4)
24. BRENNA (3)
25. STUDDUR (8)
27. ERLENDUR ÍBÚI (3)
28. RIÐI (4)

LÓÐRÉTT:

1. KÝR (5)
2. BELJAKI (5)
3. RYKKORN (2)
4. VAÐA SNJÓ (4)
5. DUFTINU (6)
6. ÆTLAR (3)
7. NAFN KONU (3)
9. LOKKAST (6)
13. PISSINU (7)
16. TORTÍMING (6)
17. BORÐ (6)
19. NIÐUR (4)
20. EINN TÍUNDI (4)
21. HEMUR (4)
24. DELLA (3)
26. HASAR (2)

NÚMERAKROSSGÁTA

Í þessari krossgátu eru línurnar númeraðar og vísbending viðkomandi númers fylgir í orðalista utan gátunnar, í stað þess að í venjulegri krossgátu eru vísbendingarnar í reitum innan gátunnar.



ORÐALEIT MEÐ FÖLDUM MÁLSHÆTTI

Í þessari gátu eru falin 14 orð (í þessu tilfelli ærnöfn) sem á að finna og þegar búið er að strika þau út þá mynda þeir stafir sem eftir standa málshátt. Stafirnir eru á tvist og bast en allir í réttri röð og notast allir.

T	B	F	A	J	K	Í	N	S	A
R	R	F	R	Á	T	T	H	D	G
Ö	I	A	F	E	S	A	L	Þ	G
V	N	E	I	N	K	O	R	T	Y
S	G	I	Æ	H	F	J	L	K	T
R	A	J	Y	Á	S	A	A	S	S
E	A	R	F	L	E	K	K	A	M
S	N	S	T	Ó	R	L	E	I	T
A	M	J	Ö	A	N	Ó	J	M	R
Á	R	B	S	Ó	J	L	I	Đ	S
L	I	T	L	A	G	U	L	L	E
I	K	J	A	L	D	N	I	D	A

ORÐARUGLS-SUDOKU

Í þessari sudoku-gátu er falið orð sem kemur í ljós smám saman eftir því sem þú leysir gátuna. Falda orðið getur birst í einhverri láréttri línunni afturábak eða áfram, í einhverri þeirra lóðréttu, upp eða niður, eða í einhverjum kassanna níu, lesið lárétt eða lóðrétt innan kassans. Fyrir neðan gátuna gefum við upp orðið sem á að nota en erum búin að rugla röðinni á stöfum þess. Þú getur því fundið orðið bæði með því að ráða fram úr stafaruglinu og með því að leysa sudoku-gátuna eftir hefðbundnum reglum hennar.

Đ								U
		A		Đ				
	Ó				U		Đ	
			L					
K	R			U		L		
U					K			B
						R		
	K		U					A
			K				U	

SUMARGETRAUN VR – KR. 15.000 VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN

Nóg er að skila inn einni réttri lausn.
Skilafrestur er til 31. ágúst 2015.

Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík**. Einnig er hægt að senda lausnina á **sumargetraun@vr.is**

Er ekki allt í sómanum á þínum vinnustað?

Jafnlaunavottun VR er tæki til að leiðrétta launamun kynjanna og er staðfesting á að greidd séu sömu laun fyrir sömu vinnu.

Kynntu þér Jafnlaunavottun VR á vr.is.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

JAFNLAUNA-
VOTTUN VR

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS